

# **Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum**

- samantekt unnin af menningarráði, með athugasemdum og ábendingum frá sveitarstjórnarmönnum og forstöðumönnum menningarstofnana á Norðurlandi vestra -

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Heildarskipulag menningarmála á Norðurlandi vestra .....	4
3. Samstarf og samvinna .....	7
4. Stefna í einstökum flokkum menningarmála.....	8
4.1. Saga, minjar, söfn.....	8
4.2. Hátíðir, verkefni, viðburðir.....	9
4.3. Listir .....	10
5. Aðbúnaður fyrir menningarstarfsemi.....	12

## 1. Inngangur

Þessari samantekt er ætlað að greina frá þeirri stefnu, markmiðum og leiðum sem sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa til að vinna sameiginlega að menningarmálum á svæðinu. Sameiginleg stefna á þessum vettvangi er nauðsynleg forsenda fyrir heilðrænu samstarfi í menningarmálum á svæðinu og gerð menningarsamnings við ríkið.

## 2. Heildarskipulag menningarmála á Norðurlandi

### vestra

#### Stefna:

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra stefna að því að efla menningarstarf á svæðinu og leggja með því áherslu á að öflug menningarstarfsemi sé mikilvægur þáttur í því að skapa góð atvinnu- og búsetuskilyrði á svæðinu.

Líta skal á Norðurland vestra sem eina heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs. Vinna skal að auknu samstarfi, samnýtingu starfskrafta og efla traust og tengsl milli þeirra aðila sem standa að menningarmálum.

#### Markmið:

- ❑ *Að auka fjármagn til menningarmála á Norðurlandi vestra*
- ❑ *Að nýta vel það fé sem lagt er til menningarmála.*
- ❑ *Að efla samstöðu innan landshlutans.*
- ❑ *Að skapa samstarfsvettvang.*
- ❑ *Að koma menningarstarfi á Norðurlandi vestra á framfæri við íbúa svæðisins sem og aðra landsmenn.*

#### Leiðir:

##### Samstarf innan sveitarfélaganna

Sveitarstjórnir skilgreini menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélaga og líti á málaflokkinn sem lið í að bæta atvinnu- og búsetuskilyrði á svæðinu.

Litið verði á Norðurland vestra sem eitt samstarfssvæði um menningarmál.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í samvinnu við Menningarráð beiti sér fyrir gerð rammasamnings um menningarmál á milli sveitarfélaganna og Menntamálaráðuneytis. Áhersla verði lögð á að öll sveitarfélögin taki virkan þátt í framkvæmd samningsins og gengið verði til samninga við ráðuneytið sem fyrst. Samningurinn verði til a.m.k. þriggja ára og gert verði ráð fyrir nýjum verkefnum og auknu

fjármagni til menningarmála á gildistíma samningsins. Í samningnum verði gert ráð fyrir því að umsamin framlög frá ráðuneytinu renni í Menningarsjóð sem úthlutað verði af Menningarráði Norðurlands vestra, skv. nánari reglum þar um.

### **Stofnun Menningarráðs Norðurlands vestra**

Ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) kýs annað hvert ár fimm fulltrúa og jafn marga til vara í Menningarráð, samkvæmt samþykktum fyrir Menningarráð Norðurlands vestra. Kosið var í fyrsta sinn í Menningarráðið á Ársþingi SSVN haustið 2004.

Helstu verkefni Menningarráðs Norðurlands vestra eru að vera samstarfsvettvangur um menningarmál í fjórðungnum og fylgja eftir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið. Menningarráð skal standa fyrir þróunarstarfi í menningarmálum, standa vörð um menningararf og menningarverðmæti, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri kynningu og vitund um menningarmál á svæðinu.

Þá úthlutar Menningarráð fé til menningarverkefna á Norðurlandi vestra samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Kostnaður vegna starfsemi Menningarráðsins svo sem launakostnaður, kostnaður vegna aðstöðu og ferða- og fundakostnaður, skal greiddur af þeirri fjárveitingu sem rennur til ráðsins.

### **Stofnaður verði Menningarsjóður Norðurlands vestra.**

Menningarsjóður fái fjármagn frá ríkinu samkvæmt samningi. Sjóðurinn verði í vörslu Menningarráðs sem úthlutar úr honum skv. samþykktum og kynntum úthlutunarreglum.

Menningarráð skal árlega auglýsa eftir umsóknum um styrki og kynna úthlutunarreglur menningarsjóðs.

Tilgangur sjóðsins er m.a. að veita styrki til sérstakra menningarverkefna og hlúa þannig að frumkvæði, metnaði og uppbyggingu á sviði menningarmála. Sjóðurinn getur bæði komið að verkefnum sem þegar eru í gangi og nýjum verkefnum, en honum er

ekki ætlað að standa undir rekstrarkostnaði eða stofnkostnaði við mjög viðamikil verkefni.

Að jafnaði skulu styrkir ekki nema meira en 50% af heildarkostnaði við hvert verkefni. Úthlutanir úr sjóðnum eru aðeins veittar til eins árs í senn og skuldbinda sjóðinn aldrei til áframhaldandi stuðnings við verkefni.

Gert verði ráð fyrir að Menningarsjóður geti styrkt verkefni á sviði menningar og lista sem hafa að markmiði að efla samstarf og samvinnu á Norðurlandi vestra eða eru sérstaklega til þess fallin að styðja við atvinnuuppbyggingu, fræðslu og kynningu.

### 3. Samstarf og samvinna

#### Stefna:

Stefnt skal að því að auka samstarf menningarstofnana, áhugafólks, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga á sviði menningar og lista.

#### Markmið:

- *Að auka samstarf í menningarmálum á Norðurlandi vestra og stuðla að frekari kynningu á menningarstarfi sem unnið er á svæðinu.*
- *Að efla samkennd íbúa Norðurlands vestra í menningarmálum og stuðla að jákvæðri ímyndarsköpun.*
- *Að treysta grundvöll og auka samstarf stofnana, áhugafólks og samtaka á sviði menningar.*
- *Að auka þátttöku fyrirtækja og einstaklinga í menningarverkefnum.*

#### Leiðir:

Unnið verði að því að þróa samstarf á svæðinu með skipulagningu, fundum og kynningu á menningarviðburðum og möguleikum. Markvisst verði unnið að því að efla vitund íbúanna um fjölbreytt framboð menningarviðburða á öllu svæðinu og hvetja til aukinnar þátttöku. Athygli almennings verði vakin á listnámi og menningartengdum námskeiðum.

Menningarráð getur komið að námskeiða- og ráðstefnuhaldi á svæðinu.

Lögð verði áhersla á aukna samvinnu safna og annarra menningarstofnana á Norðurlandi vestra.

Menningarráð, í samvinnu við aðila í menningarstarfi á svæðinu, vinni að því að auka þátttöku styrktaraðila að menningarmálum á Norðurlandi vestra.

## 4. Stefna í einstökum flokkum menningarmála

### 4.1. Saga, minjar, söfn

#### **Stefna:**

Stefnt er að metnaðarfullu starfi og auknu samstarfi, milli safna og annarra menningarstofnana.

Stefnt er að því að rannsóknir tengdar menningararfi og menningarminjum verði efldar og þær gerðar sýnilegri.

Stefnt er að því að menningarleg, söguleg og náttúruleg sérstaða fái að njóta sín.

#### **Markmið:**

- *Að efla rannsóknir.*
- *Að varðveisla menningarminja verði eflad og þær markvisst gerðar aðgengilegri.*
- *Að saga svæðisins verði gerð sýnilegri.*
- *Að samstarf safna og sýninga á svæðinu aukist og þeim gert kleift að taka að sér fleiri verkefni.*
- *Að samstarf við höfuðsöfn og þjóðmenningarstofnanir verði aukið og íbúar Norðurlands vestra hafi greiðari aðgang að því sem þar er boðið uppá.<sup>1</sup>*

#### **Leiðir:**

Unnið verði að eflingu rannsókna og varðveislu menningarminja á svæðinu. Litið verði á fornleifaskráningu, varðveislu menningarminja, heimildaúrvinnslu, ljósmyndasöfn, söguritun og örnefnaskráningu sem mikilvæga undirstöðu menningarstarfs og þátt í uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Þá er fornleifa og örnefnaskráning einnig undirstöðuþáttur í skipulagsvinnu sveitarfélaganna.

---

<sup>1</sup> Höfuðsöfn eru skilgreind í Safnalögum. Þau eru Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúrugripasafn Íslands og eru þau leiðandi í stefnumótun á landsvísu hvert á sínu sviði.



Stuðlað verði að því að söfn svæðisins viðhaldi og skapi sérstöðu, sem jafnframt endurspegli menningarlega, sögulega og náttúrulega sérstöðu svæðisins.

Menningarráð vinni markvisst að því að auka samstarf við þær menningarstofnanir sem eiga að þjóna öllu landinu, þ.á.m. höfuðsöfnin. Unnið verði að því að gefa íbúum svæðisins kost á því að fá til sín viðburði þjóðmenningarstofnana.

#### **4.2. Hátíðir, verkefni, viðburðir**

##### **Stefna:**

Stefnt er að því að efla þær menningarhátíðir sem haldnar eru á Norðurlandi vestra og auka kynningu á þeim innan svæðis og utan.

Stefnt er að því að auka faglega aðstoð við framkvæmd menningarviðburða og verkefna á sviði menningar og lista.

##### **Markmið:**

- *Að styðja við frumkvæði og framtak á sviði menningar sem hópar, stofnanir, fyrirtæki, samtök og einstaklingar standa fyrir.*
- *Að efla þær hátíðir sem haldnar eru á Norðurlandi vestra og auka kynningu á þeim.*
- *Að auka fjölbreytni og gæði menningarstarfs.*
- *Að tengja menningarviðburði við atvinnulíf og fræðslustarf eftir því sem við á hverju sinni.*
- *Að íbúar Norðurlands vestra óháð aldri og uppruna fái tækifæri til virkrar þátttöku í menningarlífi.*

##### **Leiðir:**

Hvatt verði til frumkvæðis og almennrar þátttöku, auk þess sem hugað verði að samvinnu við ferðaþjónustuaðila vegna þeirra gesta sem heimsækja svæðið sérstaklega í tengslum við menningarviðburði.

Leitað verði leiða til að þeir sem standa að menningarstarfi á svæðinu njóti faglegrar aðstoðar við fjármögnun og framkvæmd viðburða og verkefna, eftir því sem við á.

Lagt er til að þær bæjar-, menningar- og listahátíðir sem sveitarfélög og félagasamtök standa fyrir verði efldar og lögð áhersla á að draga fram sögu svæðanna og sérkenni.

Kynningarstarf verði samræmt og aukið.

Hvetja skal til menningarstarfs fólks á öllum aldri og verkefna sem hafa það að markmiði að tengja saman ólíka hópa, hafa fræðslugildi og eru til þess fallin að auka vitund um menningarlegt gildi og sögu svæðisins.

### 4.3. Listir

#### **Stefna:**

Stefnt er að því að auka stuðning við liststarfsemi og listsköpun á Norðurlandi vestra og auka kynningu á þeim listamönnum sem starfa á svæðinu og verkum þeirra.

Stefnt er að því að almenningur á svæðinu hafi aðgang að margvíslegum listviðburðum og aðstaða til listsköpunar og sýninga verði bætt.

#### **Markmið:**

- *Að styðja við fjölbreytta listsköpun íbúa á Norðurlandi vestra.*
- *Að auka kynningu á listamönnum sem starfa á svæðinu og verkum þeirra.*
- *Að listamenn á svæðinu fái stuðning við að sinna list sinni og tækifæri til sýningahalds.*
- *Að almenningur á Norðurlandi vestra hafi aðgang að fjölbreyttum listviðburðum.*

#### **Leiðir:**

Stutt verði við liststarfsemi með framlögum úr Menningarsjóði. Þá verði í auknu mæli leitað eftir fjármögnun og fagaðstoð við listsýningar og viðburði þar sem við á.

Þáttur listamanna í bæjarhátíðum og öðrum viðburðum verði aukinn og leitað verði til fyrirtækja og stofnana á svæðinu um að vista sýningar.

Gerð verði til reynslu færanleg svæðislistasýning og/eða dagskrá með þátttöku listamanna af öllu svæðinu sem opin yrði í sveitarfélögunum tímabundið t.d. 2 – 3 vikur á hverjum stað.

Árlega verði valinn listamaður á svæðinu sem hljóti viðurkenningu og framlag úr Menningarsjóði og skulu verk hans kynnt sérstaklega. Gerðar verði nánari reglur um hvernig staðið skuli að vali listamannsins hverju sinni, kynningu verka hans, viðurkenningu og framlagi.

## 5. Aðbúnaður fyrir menningarstarfsemi

### Stefna:

Stefnt er að því að á Norðurlandi vestra verði til staðar góð aðstaða til fjölbreyttrar menningarstarfsemi.

### Markmið:

- *Að bæta aðgengi íbúa Norðurlands vestra að menningarstarfi.*
- *Að nýta frekar þá möguleika og aðstöðu sem til staðar eru á svæðinu.*

### Leiðir:

Gerð verði könnun á eignarhaldi húsnæðis og aðstöðu til menningarstarfs á Norðurlandi vestra, s.s. félagsheimilum og öðrum húsum sem hýsa menningarstarf eða bjóða upp á möguleika til þess. Á grundvelli þeirra upplýsinga verði gerð áætlun um mögulega nýtingu og uppbyggingu aðstöðu.

Hugað verði sérstaklega að því hvort nýta megi félagsheimili og önnur hús í eigu sveitarfélaganna sem sameiginlegan vettvang fyrir listafólk, gestavinnustofur og sýningarstofur um lengri eða skemmri tíma.